

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150.

Með heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 21. október sl. var tekið fram að ákvörðunin byggðist á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum og að heimilt væri að gera á ákvörðuninni hvers konar breytingar ef forsendur breyttust eða annað yrði talið hentugra. Fjármálaeftirlitið telur að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snýr að mati á þeim eignum og skuldbindingum sem ráðstafað var til hins nýja banka. Ekki hefur reynst mögulegt að ljúka mati á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun (90 dögum frá upphaflegri ákvörðun). Um er að ræða flókið verkefni sem er viðameira en ætlað var. Jafnframt tók talsverðan tíma að ljúka ráðningu óháðs matsaðila og hófst matsvinnan sjálf því seinna en áformað var. Mikilvægt er að vel takist til og að eðlilegt samráð sé haft við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt er. Af þessum sökum er nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka matinu. Ekki liggur þó endanlega fyrir hversu langur sá frestur þarf að vera, en ákvörðun um það verður tekin eigi síðar en þann 15. febrúar 2009. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á lokamálslið 11. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. október sl.


ÁKVÖRÐUN:

Niðurstaða matsaðila um mat á eignum og skuldum skal liggja fyrir samkvæmt nánari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Ákvörðun um endanlegan frest skal tekin eigi síðar en þann 15. febrúar 2009.

Öll ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.


FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

9. janúar 2009.



Jón Sigurðsson

Formaður stjórnar



Jónas Fr. Jónsson

Forstjóri